

- 16 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. febrúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Bjargar Hjörleifsdóttur og Sigríðar B. Ásmundsdóttur. Starfssvið hans er Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu, með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1944.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 400 — fjögur hundruð — krónur, er undirritaður og börn hans gefa til minningar um áðurnefndar konur — móður og eiginkonu aðalstofnandans —, og er ætlað til að sjóðurinn verði afhentur Kvenfélagi Keldhverfinga þann 17. júní 1945, en sá dagur er 100. afmælisdagur Bjargar Hjörleifsdóttur, er var starfandi ljósmóðir í Kelduneshreppi í 37 ár.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé og leggst það allt við stofnféð og myndar höfuðstól sjóðsins, er aldrei má skerða, og ávaxta skal í Sparisjóði Norður-Þingeyinga eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Engar útborganir mega eiga sér stað úr sjóðnum nema þær, er getur um í 9.—11. gr., og svo smáupphæðir, sem óhjákvæmilegar eru vegna sjóðsins sjálfs, t. d. prentun, ritföng o. s. frv.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin 3 konum, búsettum í Kelduneshreppi. Skal starfandi ljósmóðir hreppsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kys Kvenfélag Keldhverfinga. Skulu þær kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn árið 1947, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður, skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Kelduneshreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans og veitir styrki úr honum. Hún skal halda gerðabók, og skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn varða, fundargerðir stjórnarinnar, skrá yfir styrki og umsóknir um þá, eignaskrá í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konur, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka nákvæma skrá yfir þær.

7. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps ber að kjósa árlega 2 endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa eftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Kelduneshreppi.

8. gr.

Markmið sjóðsins er að veita hjálp sjúklingum, sem búsettir eru í Keldunes-hreppi, og þó einkum sængurkonum, er ávallt skulu sitja fyrir styrk úr sjóðnum, nema sérstaklega aðkallandi brýnar þarfir séu til annars.

16

3. febr.

9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð því að ársvextir hans verða kr. 80.00, má veita styrki úr honum allt að hálfum ársvöxtum. Þegar ársvextirnir eru orðnir kr. 100.00 má hækka styrkina í allt að kr. 60.00. Þegar ársvextirnir hafa náð kr. 200.00 má nota $\frac{3}{4}$ þeirra til styrkveitinga, en eftir það að höfuðstóllinn hefur náð kr. 10000.00 að upphæð má taka til úthlutunar $\frac{4}{5}$ hluta ársvaxtanna. Allir ónotaðir vextir leggist við höfuðstólinn með þeim takmörkunum sem um getur í 10. gr.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt þegar svo stendur á, að eigi er veittur styrkur eitt-hvert árið, að geyma fé það, sem þá var heimilt að úthluta og ráðstafa því á næsta ári, en sé það eigi gert það ár, leggst það við höfuðstólinn.

11. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir kr. 500.00 er heimilt að verja einhverju af fé því, sem ætlað er til styrkveitinga, til að taka þátt í að launa eða launa að fullu lærða hjúkrunarkonu, er búsett sé og starfi í Kelduneshreppi.

12. gr.

Komist á svo fullkomin, lögboðin sjúkratrygging hér á landi, að líknarstarfsemi sú, er ræðir um hér að framan, sé óþörf, skal verja úthlutunarbærum tekjum sjóðsins til menningar börnum eða unglíngum heimilisföstum í Kelduneshreppi, og skal þá stjórn sjóðsins, með samþykki sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjar-sýslu, semja skipulagsskrá fyrir þá starfsemi.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum fyrir Ísland, B-deild.

Lóni í Kelduneshreppi, 19. desember 1944.

Björn Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún,
nr. 161 5. sept. 1939.

17

9. febr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimt með 50% viðauka á árinu 1945.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.